



# Ársskýrsla 2021

Golfklúbbur Skagafjarðar

Nóvember 2021

## Efnisyfirlit

Skýrsla formanns.....	4
Skýrsla mótanefndar .....	7
Skýrsla vallarnefndar.....	9
Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS .....	10
Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar .....	13
Skýrsla forgjafarnefndar.....	14
Lög Golfklúbbs Skagafjarðar .....	19
Stjórn og nefndir 2021 .....	21
Stjórn og nefndir 2022 - tillaga .....	23
Tillaga aðalfundar að gjaldskrá 2022 .....	24

## Skýrsla formanns

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar (GSS) árið 2021 skipuðu: Kristján Bjarni Halldórsson formaður, Halldór Halldórsson varaformaður, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Aldís Hilmarsdóttir formaður mótanefndar, Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir formaður barna- og unglinganefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar og Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason

Golfárið 2021 var gott. Félagsmönnum fjölgaði og gestir voru duglegir við að spila völlinn. Reksturinn var réttu megin við núllið eins og gjaldkeri mun skýra frá við yfirferð ársreiknings. Veðrið var meira að segja gott.

Golf er mikilvægt fyrir Skagfirðinga. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglingastarf í klúbbum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál, félagsskapur og heilsubót fyrir fólk á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og kylfingar heimsækja Skagafjörð gagngert til þess að spila golf.

Félagar GSS með fulla aðild voru 252 talsins samkvæmt félagatali í lok nóvember 2021. Félögum GSS hefur fjölgað undanfarin ár. Árið 2020 voru 203 félagar en 167 árið áður og er fjölgunin því umtalsverð. Fjölgun félaga er ánægjuleg og nokkrir þættir sem skýra hana. Í fyrsta lagi er aukinn áhugi á golfi á Íslandi og fjölgun varð í nánast öllum golfklúbbum árið 2021. Í öðru lagi fer gott orð af vellinum okkar. Í þriðja lagi hefur hefur verið tekið vel á móti nýliðum, m.a. með nýliðanámskeiðum sem hafa tekist mjög vel. Það eru samt enn tækifæri til að fjölga í klúbbum. Sem dæmi má nefna að fáir félagar eru á framhaldsskólaaldri.

Kylfingum GSS með forgjöf undir 36 fer fjölgandi eins og fram kemur í skýrslu formanns forgjafarnefndar. Hins vegar er meiri hluti félagsmanna með forgjöf 36 eða hærri. Ég tel vera grundvöll fyrir því að halda 18 holu opin háforgjafarmót, t.d. miðað við forgjöf 25 og hærri. Þessi mót gætu t.d. verið þær helgar þegar sterkustu kylfingar okkar keppa í sveitakeppni. Þá finnst mér vert að skoða fjölgun á forgjafaflokkum í öðrum opnum mótum.

### Starfsmenn

Guðmundur Þór Árnason vallarstjóri vann gott starf að venju ásamt vallarstarfsmönnum en það voru þeir Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Árni Tumi Reynisson, Friðrik Jóhannsson og Steinar Gunnar Steinarsson. Atli Freyr Rafnsson starfaði sem íþróttastjóri og sá um þjálfun barna og unglinga. Aðstoðarþjálfarar voru Markús Máni Gröndal, Tómas Bjarki Guðmundsson og Una Karen Guðmundsdóttir.

Verslunarstjóri í skála var Karen Lilja Owolabi. Hún sá um mönnun vakta, innkaup, uppgjör, þrif o.fl. Hér eru ótaldir sjálfboðaliðar sem unnu mikið og gott starf í þágu klúbbsins.

### Þjálfun

Við erum mjög vel sett með þjálfara að mínu mati. Nýliðar fengu góða tilsögn frá Árnýju, Atla Frey og Hákonni. Unga kynslóðin var í góðum höndum Atla Freys og aðstoðarþjálfaranna. Við fengum jafnframt a.m.k. sjö heimsóknir frá PGA þjálfurum GA sem þjálfuðu börn og unglinga og voru með einkatíma fyrir fullorðna. Það er dýrmætt fyrir þjálfara okkar að starfa með PGA þjálfurum sem heimsækja okkur reglulega.

Á golfþingi GSÍ 2021 kom fram að vilji er fyrir því að styrkja þjálfara af landsbyggðinni til PGA náms sem hefst árið 2022 ef eftirspurn verður næg. Ég tel mikilvægt að GSS eigi fulltrúa í PGA náminu.

### **Skálinn**

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglunga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Sjoppan var opin í sumar kl. 10:00 – 18:00 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin. Skálinn var leigður út til Danshljómsveitar Dósa nokkra mánuði í vor og svo aftur í haust vegna undirbúnings jólatónleika. Sveitin greiddi leiguna m.a. með því að skemmta og leika fyrir dansi á árshátíð GSS 2021.

### **Aðsókn á völlinn**

Völlurinn var vel sóttur í sumar. Bókaðir hringir voru 5092 talsins á tímabilinu maí – september. Þar af áttu félagsmenn í GSS 3638 hringi eða 71%. Af öðrum klúbbum átti Golfklúbbur Reykjavíkur flesta bókaða hringi eða 212 talsins. Næstir komu GKG með 184, GO með 133 og GM með 126 hringi. Golfklúbbur Akureyrar var með flesta hringi af klúbbunum norðanlands, 59 hringi.

### **Árshátíð**

Árshátíð GSS 2021 var haldin í húsi Frímúrara í beinu framhaldi af meistaramótinu. Á árshátíðinni voru skemmtiatriði, góður matur og verðlaunaafhending fyrir meistaramótið. Loks var dansleikur með Danssveit Dósa. Óhætt er að segja að allir hafi skemmt sér vel.

### **Framtíð Hlíðarendavallar**

Vallarnefnd kom fram með stækkunarhugmyndir á árinu. Farið var yfir stækkunarhugmyndirnar á fundi í byrjun júní og var þeim vel tekið af félagsmönnum. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar um hvaða leið verður farin í stækkun eða hvenær áætlað er að hefjast handa. Þó er ljóst að klúbburinn ræður ekki hjálparlaust við svo stóra framkvæmd. Aðalskipulag Skagafjarðar 2021-2035 verður senn birt og þar verður GSS ætlað svæði til stækkunar í framtíðinni.

### **Íslandsmót golfklúbba**

Íslandsmót golfklúbba í 1. deild kvenna var haldið á tveimur völlum 22. – 24. júlí, Hlíðavelli hjá Golfklúbba Mosfellsbæjar og Korpuvelli Golfklúbbs Reykjavíkur. Sveitin stóð sig vel og hélt sæti sínu í efstu deild. Liðið var þannig skipað: Anna Karen Hjartardóttir, Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Hildur Heba Einarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Sólborg Björg Hermundsdóttir, Telma Ösp Einarsdóttir og Una Karen Guðmundsdóttir. *Liðsstjóri* var Árný Lilja Árnadóttir.

Íslandsmót golfklúbba í 2.deild karla var haldið á Kiðjabergi 26.-28.júlí og var karlasveit GSS meðal keppenda. Sveit GSS skipuðu þeir: Arnar Geir Hjartarson, Atli Freyr Rafnsson, Elvar Ingi Hjartarson, Hákon Ingi Rafnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Ingvi Þór Óskarsson og Jóhann Örn Bjarkason. *Liðsstjóri* var Hjörtur Geirmundsson. Keppnin var hörð og margir hörkuleikir. Því miður náði sveitin ekki að halda sæti sínu í deildinni en kemur tvíefld til leiks á nýju ári.

### **Kvennamót**

Kvennamótið er frábært framtak og hvatning til allra að stíga fram og leggja sitt af mörkum í félagsstarfinu. Kvennamót GSS fór fram í sólinni á Hlíðarendavelli laugardaginn 3. júlí, átjándi árið í röð. Á mótinu spiluðu 44 konur víðsvegar af Norðurlandi. Glæsilegt vinningahlaðborð var í boði fyrirtækja í

Skagafirði. Í fyrsta sæti var Indíana Auður Ólafsdóttir Golfklúbbi Hamars. Kærar þakkir til allra styrktaraðila, þátttakenda og GSS kvenna sem sáu um skipulagningu og framkvæmd mótsins.

### **Golfhermir**

Nú er hægt að spila golf í Skagafirði allt árið. GSS eignaðist Trackman hermi snemma árs 2021. Félagsmenn bóka tíma í hermi með sama hætti og þeir bóka rástíma á Hlíðarendavelli, með Golfbox. Sérstakt félag sá um gamla herminn en staðan er breytt núna þar sem umsjón með golfherminum er í höndum stjórnar GSS. Ég tel skynsamlegt að skipa sérstaka nefnd til að sjá um herminn en ný stjórn metur auðvitað hvaða leið er best.

### **Stuðningsaðilar**

Sveitarfélagið styður vel við GSS. Í gildi eru þrír samningar sem endurnýjaðir voru í nóvember 2020 og verða í gildi til 2024. Um er að ræða samning um stuðning við rekstur, í öðru lagi samning um slátt á íþróttavelli og sá þriðji er samningur um slátt á opnum svæðum á Sauðárkróki.

GSS fékk myndarlegan stuðning frá ríkinu í gegnum átakið „Hefjum störf“. Fleiri styrkir komu frá ríkinu vegna covid. Þá hefur UMFÍ styrkt okkur vel undanfarin ár. Það þarf hins vegar að passa upp á að hafa augun opin fyrir styrkjum og sækja um. Þeir fiska sem róa.

Mörg góð fyrirtæki styðja þar að auki við klúbbinn með ýmsum hætti. Fyrir hönd GSS þakka ég sveitarfélaginu, ríkinu, UMFÍ, SSVN, fyrirtækjum og stofnunum kærlega fyrir stuðninginn á árinu.

### **Sjálfbóðaliði GSÍ 2021**

Við eru svo heppin í GSS að eiga marga góða sjálfbóðaliða eins og formaður vallarnefndar mun greina nánar frá. Ein þeirra, Árný Lilja Árnadóttir, fékk þann 19. nóvember sl. viðurkenningu sem sjálfbóðaliði ársins hjá Golfsambandi Íslands. Þessi viðurkenning var veitt í fyrsta sinn árið 2014 og er Árný Lilja áttundi sjálfbóðaliðinn sem fær þessa viðurkenningu. Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ, afhenti viðurkenninguna á þingi GSÍ sem fram fór í Reykjavík. Árný Lilja er góð fyrirmynd fyrir nýliða GSS og aðra félagsmenn.

### **Lokaorð**

Framtíðin er björt. Golf nýtur mikilla vinsælda á Íslandi með næstflesta iðkendur samkvæmt tölum frá ÍSÍ. Golfið hefur sannað gildi sitt sem heilsubót og fjölskylduþrótt sem hentar fólki á öllum aldri. Mörg tækifæri eru í golfferðamennsku fyrir GSS og Skagafjörð.

Ég þakka kærlega þeim sem störfuðu í stjórn og nefndum árið 2021. Allir aðrir sjálfbóðaliðar fá sömuleiðis kærar þakkir. Þá óska ég þeim velfarnaðar sem munu starfa fyrir GSS árið 2022. Síðast en ekki síst óska ég öllum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra farsældar á nýju ári.

*Kristján Bjarni Halldórsson*

*Formaður GSS*

## Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd: Aldís Hilmarsdóttir formaður, Andri Þór Árnason, Hjalti Árnason og Pétur Björnsson.

Sumarið 2021 voru haldin 35 mót hjá GSS og var samtals fjöldi skráninga 889. Mótanefndin stóð fyrir 21 mótum af þessum 35 með 557 skráningar. Önnur mót, 14 talsins, voru í umsjá annarra nefnda s.s. Hard Wok mótariðin sem nýliðanefnd stóð fyrir og barna og unglíngamót sem barna og unglínganefnd stóð fyrir.

Það er ekki hægt að segja annað en að veðrið hafi leikið við kylfinga á Hlíðarendavelli í sumar og ekki síst á mótsdögum. Einnig vorum við svo heppin að COVID draugurinn setti ekki mikið strík í skipulag og mótahald.

### Yfirlit yfir mót í umsjá mótanefndar sumarið 2021:

Upphafsdags:	Mót:	Þátttakendur:
28. maí	Styrktarmót fyrir kvennalið Tindastóls	19
2. júní	Grána Bistro 1	29
5. júní	Opna KS mótið Texas Scramble	38
9. júní	Grána Bistro 2	33
16. júní	Grána Bistro 3	16
20. júní	Meistaramót GSS í holukeppni 2021	19
20. júní	Opna Lemon mótið 2021 til minningar um Friðrik lækni	29
23. júní	Grána Bistro 4	18
1. júlí	Grána Bistro 5	29
7. júlí	Meistaramót GSS 2021	37
14. júlí	Grána Bistro 6	28
18. júlí	Opna Hlíðarkaupsmótið 2021	55
21. júlí	Auka miðvikudagsmót	9
24. júlí	Opna AVIS mótið 2021	22
1. ágúst	Opna Steinullarmótið 2021	42
4. ágúst	Grána Bistro 7	26
11. ágúst	Grána Bistro 8	27
18. ágúst	Grána Bistro 9	21
21. ágúst	Opna Advania mótið (Fjórleikur)	34
25. ágúst	Grána Bistro 10	21
1. september	Auka miðvikudagsmót	5
<b>Alls</b>	<b>21</b>	<b>557</b>

Úrslit allra móta má sjá á [golf.is](http://golf.is)

Nokkur breyting var gerð á miðvikudagsmótariðinni en nýr styrktaraðili kom að borðinu og breyttist því nafn hennar í Grána Bistro mótariðin. Með fleiri og verðmætari verðlaunum var hægt að veita vegleg verðlaun bæði í kvenna og karlaflokki í hverju mótum og einnig fyrir alla mótariðina.

Mótasumarið hófst með nýjung, styrktarmóti fyrir kvennalið Tindastóls í knattspyrnu. Leikmenn liðsins og þjálfarar spiluðu í liði með kylfingi frá GSS og gátu kylfingar „keypt“ sér meðspilara úr hópi leikmanna. Öll

mótsgjöld og frjáls framlög runnu til kvennaliðsins og óhætt er að segja að vel hafi tekist til og eflaust munum við sjá eitthvað af þessum mögnuðu fótboltastelpum í golfi næsta sumar.

Fyrirtæki í Skagafirði stóðu þétt við bakið við mótanefnd GSS nú sem endranær og voru helstu styrktaraðilar auk Gránu Bistro, Avis, Advania, Hlíðarkaup, Steinull, KS og Lemon. Styrktaraðilum er þakkað fyrir stuðninginn og hvetjum við þá til að halda áfram samstarfinu og hvetjum um leið önnur fyrirtæki í Skagafirði til að starfa einnig með okkur næsta sumar. Áhugasömum styrktaraðilum er bent á að hafa samband við undirritaða í gegnum [aldishilmarsd@gmail.com](mailto:aldishilmarsd@gmail.com) en aðkoma að opnu golfmóti er góð auglýsing og mikil birting auk þess að vera mjög verðmætt fyrir okkar góða samfélag.

Segja má að golfboxið og rafrænar rauntímaskráningar mótum sé búið að festa sig í sessi. Golfboxið var nánast undantekningalaust nýtt af keppendum sem skráðu skor jafnóðum í síma sína á meðan á leik stóð. Ekki aðeins gerði þetta það að verkum að úrslit móta lágu mun fyrr fyrir en áður en einnig var með nýjum skjá í golfskála hægt að fylgjast með framgangi hvers móts á meðan á því stóð. Að sama skapi geta áhugasamir fylgst með frammistöðu kylfinga í appinu í rauntíma.

Meistaramótið sem er fjögurra daga mót fór fram í byrjun júlí í sól og sumaryl, gott ef ekki var logn nánast allan tímann. Keppt var í nokkrum flokkum en þátttakendur voru alls 37. Lokahóf mótsins fór fram á árs hátíð GSS sem var einkar glæsileg í ár en hún var haldin í sal Frímúrara í tilefni af stórafmæli klúbbsins. Klúbbmeistarar 2021 eru þau Arnar Geir Hjartarson og Anna Karen Hjartardóttir.

Samstarf mótanefndar var einstaklega gott og allir meðlimir hafa gefið kost á sér að vinna áfram með undirritaðri sem kjörin var formaður til tveggja ára. Við hlökkum til að auka fjölbreytileika í mótum og finna leiðir til að hvetja sem flesta félagsmenn til að taka þátt.

Mótanefnd þakkar félagsmönnum fyrir góða þátttöku og drengilega keppni og einnig viljum við þakka sjálfboðaliðum sem komu að dómgæslu og vallarstarfsmönnum fyrir góða vinnu.

*F.h. mótanefndar,*  
Aldís Hilmarsdóttir

## Skýrsla vallarnefndar

Vallarnefnd 2021: Guðmundur Ágúst Guðmundsson, Guðmundur Þór Árnasson, Þórður Karl Gunnarsson, Rafn Ingi Rafnsson og Magnús Helgason.

Starfið hjá okkur í vallarnefnd var frekar hefbundið þetta árið. Við hittumst nokkuð reglulega og héldum fundi til að skipuleggja sumarið. Það var ákveðið í vetur að athuga með stækkun vallarins upp í 12 holur. Fór svolítill vinna í það að hanna brautir og gera kostnaðaráætlun, er þetta mikið fyrirtæki og var ákveðið að fara sér hægt í þessar framkvæmdir. Það var farið í að hanna nýja æfingarflöt og eru framkvæmdir hafnar og vonumst við til að hægt verði að nota hana seint næstasumar að minnstakosti sumarið 2023. Einnig var byrjað á að laga tjörnina á 5. braut og verður því vonandi lokið í vor. Farið var í að laga stíg á 9. braut og flötin stækkuð til austurs. Það var haldið áfram að grisja trén á vellinum undir forystu Sigurjóns Gests og Kristjáns Óla og eru þeir alveg óstöðvandi í sínum aðgerðum og það er því líkt lán fyrir okkar klúbb að hafa svona höfðingja á sinni félagaskrá. Boðað var til tiltektardags í vor og var mæting góð hjá félagsmönnum og var mót á eftir, og var mál manna að vel hafi tekist til og ánægjulegt að sjá hvað mæting var góð. Það var ákveðið að gera tilraun með að setja afskornar trjágreinar á 9. flötina til að verja hana frostkali og verður spennandi að sjá hvernig til tekst. Það var rokið í að mála aðstöðuna fyrir vallarstarfsmenn og kylfugeymslu og kemur það bara vel út og var Doddi málari með yfirumsjón með verkinu og mættu nokkrir meðlimir með penslana að vopni og góða skapið.

Völlurinn kom vel undan vetri og var í flottu standi í sumar, þökk sé Guðmundi Þór vallastjóra og hans starfsmönnum sem stóðu sig vel í sumar og erum við mjög heppin með vallarstarfsmenn, dugnaðarforkar upp til hópa sem hafa metnað til að hafa völlinn góðan. Guðmundur vallarstjóri er búinn að standa sig alveg frábærlega og er vellinum hrósað mikið af gestum og klúbbmeðlimum sem spila völlinn hvað völlurinn er alltaf flottur hjá okkur og hvað hann er fljótur að koma til á vorin. Það er ekki sjálfgefið að hann sé í þessu góða standi og liggur alveg svakalega mikil vinna af baki og hefur fólk verið duglegt að mæta í sjálboðavinnu þegar það hefur verið boðað til hennar. Megum við vera stolt af vellinum okkar.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra fyrir hönd vallarnefndar

Guðmundur Ágúst Guðmundsson Vallarnefndarformaður



## Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS

Í nefndinni störfuðu Sylvía Dögg Gunnarsdóttir formaður, Sigríður Garðarsdóttir, Margrét Helga Hallsdóttir, Magnús Barðdal Reynisson og Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir.

Árið í ár var svipað og í fyrra en við vorum nokkuð heppin með það að lítil röskun var á okkar starfi þrátt fyrir Covid og var margt skemmtilegt brallað í ár.

Erfiðlega gekk að finna þjálfara og byrjuðu því ekki æfingar um haustið 2020 eins og áætlað var en við vorum svo heppin að hann Atli Freyr Rafnsson okkar kom nokkrar helgar fyrir áramót og var með æfingar. Það var svo ekki fyrr en í febrúar sem að æfingarnar byrjuðu, en þó með breyttu sniði. Kristján Bjarni, formaður GSS, tók að sér að þjálfar 6. bekk og eldri og voru þær æfingar einu sinni í viku, á fimmtudögum frá kl. 17-18. Þá bættist óvænt við nýr þjálfari í hópinn í lok febrúar, Víðir Steinar Tómasson frá Akureyri, en hann tók að sér að þjálfar alla hópana, sem voru þrjár eins og í fyrra, en þar sem hann var í annarri vinnu þá voru æfingarnar auglýstar mánuð fyrir mánuð. Atli Freyr kom svo eina helgi í mánuði og var með æfingar yfir helgar fyrir alla hópana. Heiðar Davíð, PGA kennari frá Akureyri, kom einnig nokkrum sinnum og var með æfingar í inni aðstöðunni fyrir bæði yngri og eldri hópana og reyndist mjög vel. Hlé var gert á æfingum frá 25. mars sökum sóttvarnareglna en um miðjan apríl störtuðum við gleðinni aftur með helgaræfingu hjá Atla.

Til stóð að taka aðra tilraun til að fara í æfinga- og skemmtiferð til Danmerkur og heimsækja klúbbinn hans Óla Barðdal í Árósum en tekin var ákvörðun um að fresta ferðinni um annað ár sökum aðstæðna. Golfskólinn fór af stað í byrjun júní, var þátttaka virkilega góð í sumar og nýir iðkendur bættust í hópinn.

Atli Freyr Rafnsson sá um golfkennslu allra barna 6 ára og eldri. Honum til aðstoðar voru þau Tómas Bjarki Guðmundsson, Una Karen Guðmundsdóttir og Markús Máni Gröndal.

Heiðar Davíð golfkennari og fyrrverandi atvinnukylfingur kom til okkar nokkrum sinnum í sumar eftir að GSS gerði samning við hann þar sem að hann ætlaði að koma og vera ásamt Atla Frey með kennslu fyrir börnin og unglíngana, auk þess sem hann bauð upp á kennslu fyrir fullorðna. Krakkarnir fjölmenntu á æfingarnar og höfðu gagn og gaman af.

Nýprent mótið var haldið sunnudaginn 6. júní. Þátttakendur voru 62 talsins frá Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð auk heimafólks og gekk mótið í alla staði vel. Mótið er hluti af Norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GFB, GHD og GA. GSS átti 23 keppendur á mótaröðinni og stóðu þau sig með þryði. Anna Karen Hjartardóttir var Norðurlandsmeistari í flokki 15-16 ára stúlkna.

Íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri fór fram dagana 23.-25. júní á Strandarvelli á Hellu. Golfklúbbur Skagafjarðar átti þar flotta fulltrúa og sendi drengjasveit og tvær stúlkur sameinuðust stúlknasveit frá Akureyri.

Drengjasveitin endaði í 12. sæti. Sveitina skipuðu þeir Alexander Franz Þórðarson, Bjartmar Dagur Þórðarson, Brynjar Már Guðmundsson, Hallur Atli Helgason, Markús Máni Gröndal og Tómas Bjarki Guðmundsson. Liðsstjóri var Atli Freyr Rafnsson.

Stúlknasveitin var sameiginleg með Golfklúbbi Akureyrar og enduðu þær í 3. sæti. Sveitina skipuðu Dagbjört Sísí Einarisdóttir GSS, Una Karen Guðmundsdóttir GSS, Auður Bergrún Snorrardóttir GA, Birna Rut Snorrardóttir GA, Bryndís Eva Ágústsdóttir GA og Birta Rán Víðisdóttir GA. Liðsstjóri var Guðríður Sveinsdóttir GA.

Krakkarnir sýndu samstöðu, leikgleði og þrúðmennsku á vellinum og voru klúbbum sínum til mikils sóma. Að senda sveitir á Íslandsmótið er mikilvægur þáttur í starfinu, ekki einungis veitir það þátttakendum reynslu og leikþjálfun heldur er það líka mikilvæg innspýting og hvatning inn í allt starfið.

Meistaramót barna og unglunga var haldið dagana 5.-7. júlí með 20 þátttakendum.

Úrslit voru eftirfarandi:

**11-14 ára strákar** (léku 9 holur, rauðir teigar, 3 daga)

1. Bjartmar Dagur Þórðarson 163 högg
2. Hallur Atli Helgason 173 högg

**10-14 ára stelpur** (léku 9 holur, rauðir teigar, 3 daga)

1. Dagbjört Sísí Einarsdóttir 169 högg
2. Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir 230 högg
3. Gígja Rós Bjarnadóttir 251 högg
4. Berglind Rós Guðmundsdóttir 258 högg
5. Inga Rún Sigurðardóttir 284 högg
6. Anna Ísabella Friðriksdóttir 299 högg

**Byrjendaflokkur stelpur 6-9 ára** (léku 9 holur, gylltir teigar, 3 daga)

1. Nína Júlía Þórðardóttir 120 högg
2. Ellen Día Dúfudóttir 143 högg (vann í bráðabana)
3. Nína Morgan Brynjarsdóttir 143 högg

**Byrjendaflokkur strákar 6-10 ára** (léku 9 holur, gylltir teigar, 2 daga)

1. Guðni Bent Helgason 85 högg
2. Brynjar Morgan Brynjarsson 100 högg
3. Gunnar Atli Þórðarson 115 högg
4. Sigurbjörn Darri Pétursson 119 högg
5. Ólafur Bjarni Þórðarson 121 högg
6. Sæmundur Ingi Jakobsson 132 högg
7. Karl Goðdal Þórleifsson 139 högg
8. Friðrik Elmar Friðriksson 150 högg
9. Helgi Helgason 154 högg

Að auki kepptu 6 unglingar í Meistarmóti GSS sem fór fram 8.-11. júlí og náðu þau góðum árangri:

**Meistaraflokkur kvenna** (léku 18 holur, 4 daga)

1. Anna Karen Hjartardóttir klúbbmeistari 319 högg

**Fyrsti flokkur kvenna** (léku 18 holur, 4 daga)

1. Una Karen Guðmundsdóttir 365 högg
5. Dagbjört Sísí Einarsdóttir 463 högg

**Fyrsti flokkur karla** (léku 18 holur, 4 daga)

7. Tómas Bjarki Guðmundsson 387 högg

**Annar flokkur karla** (léku 18 holur, 4 daga, punktakeppni)

1. Alexander Franz Þórðarson
3. Brynjar Már Guðmundsson
4. Markús Máni Gröndal

Þann 19. júlí var verðlaunaafhending fyrir Meistaramót GSS barna og unglunga. Skellt var í Speed-golfmót og spreyttu krakkarnir sig á 9. braut. Mjög vel var mætt og stóðu þau sig mjög vel. Að mótinu loknu var haldin verðlaunaafhending, annarsvegar fyrir frammistöðu dagsins og hinsvegar fyrir meistaramótið. Að verðlaunaafhendingu lokinni gæddu börn og foreldrar sér á kræsingum úr Sauðárkróksbakaríi.

Föstudaginn 13. ágúst var farið í skemmtigolf ferð á Skagaströnd og var það liður í að „slútta“ golfskóla sumarsins. Skráðir voru um 20 krakkar og 8 foreldrar og var farið af stað um 11 leitið. Byrjað var á því að spila 9 holur en strax eftir golfið var brunað á Harbour restaurant þar sem allir fengu samloku og franskar og svo var ferðinni heitið aftur heim. Frábær dagur þar sem allir skemmtu sér vel og nutu sín í golfi í góðu veðri.

Uppskeruhátíð er áætluð núna í nóvember en þá munu Atli Freyr og aðstoðarþjálfarar afhenda bikara fyrir bestu ástundun og mestu framfarir í flokkunum 10 ára og yngri og svo 11 ára og eldri en venju samkvæmt sjá þjálfari og leiðbeinendur um valið.

Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem lögðu til hjálparhönd í starfinu í sumar, stjórn klúbbsins sem studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða gerir okkur kleift að halda úti öflugum barna- og unglungastarfi og vonum við að svo verði áfram. Þeim Atla Frey, Tómasi Bjarka, Unu Kareni og Markúsi Mána færum við kærar þakkir fyrir þjálfunina í sumar, þau sinntu henni vel og ungu kylfingarnir okkar mættu vel á æfingar hjá þeim, skemmtu sér og sýndu góðar framfarir.

F.h. barna- og unglinganefndar

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

## Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar

Nefndina skipuðu: Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Díana Dögg Hreinsdóttir, Erna Baldursdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Hafdís Skarphéðinsdóttir.

Það má segja að golfsumarið í ár hafi verið sumar nýliðanna hjá GSS. Metþátttaka var á nýliðanámsskeiði sumarins en 44 tóku þátt og þurfti að þrískipta hópnum. Árný Lilja Árnadóttir og synir hennar, Atli Freyr Rafnsson og Hákon Ingi Rafnsson sáu um námskeiðið. Í lok námsskeiðsins héldum við vanur/óvanur mót sem tókst mjög vel og eftir mótið var boðið upp á pitsu frá Hard Wok. Vanir kylfingar í klúbbum eru alltaf tilbúnir í að spila með í þessu móti og fyrir það ber að þakka. Einnig héldum við 3 gullteigamót fyrir nýliðana og var þátttakan nokkuð góð. Sigurvegarar í þessum mótum voru Árni Stefánsson, Stefán Árnason og Erna Nielsen.

Það var gaman að sjá hversu margir nýliðar voru duglegir að spila á vellinum og taka þátt í Hard Wok háforgjafarmótaröðinni.

Eins og venjulega var helsta verkefni nefndarinnar að sjá um Hard Wok háforgjafarmótin. Haldin voru 10 mót sem Hard Wok styrkir með miklum myndarskap og þökkum við kærlega fyrir það. Það voru 8 mismunandi sigurvegarar í mótunum 10. Þeir voru; Markús Máni Gröndal, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, Gunnar Björn Rögnvaldsson, Sigríður Svavarsdóttir, Sigríður Garðarsdóttir, Árni Stefánsson og þau Dagbjört Sísi Einarsdóttir og Arnar Skúli Atlason sigruðu í 2 mótum. Spilamennskan í mótunum var oft á tíðum frábær, yfirleitt var sigurvegarinn með lækkun og oft voru fleiri en vinningshafinn með lækkun. Eftir síðasta mótið var boðið upp á frábæran mat frá Hard Wok og marengstertu í eftirrétt sem Hafdís Skarphéðinsdóttir og Guðrún Björg Guðmundsdóttir áttu heiðurinn af.

Þátttakan í mótunum var frábær, yfirleitt tóku um 20 þátt í hverju móti en metþátttaka var í síðasta mótinu en þá tóku 39 þátt og 32 tóku þátt í mótinu á undan. Margir tóku þátt í sínu fyrsta háforgjafarmóti en alltaf er gaman að taka á móti nýjum þátttakendum sem bætast í frábæran hóp sem fyrir er. Við héldum áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Okkur finnst mikilvægt að bjóða upp á þennan kost þar sem heilu fjölskyldurnar eru stundum að taka þátt saman og svo er gott fyrir nýliða að spila með þeim sem betri eru.

Háforgjafarmótin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og eru svo sannarlega komin til að vera. Þetta var frábært golfsumar með flottum kylfingum sem vilja allir verða betri í þessari frábæru íþrótt sem golfið er. Við bíðum öll spennt eftir næsta sumri og erum full eftirvæntingar um hvað það hefur upp á að bjóða.

F.h. Nýliða- og kynningarnefndar  
Dagbjört Rós Hermundsdóttir

# Skýrsla forgjafarnefndar

## Vallarmat

Sumarið 2020 var Hlíðarendavöllur endurmetinn og tóku niðurstöður þess mats gildi í apríl 2021. Með tilkomu þessa vallarmats er ekki lengur hægt að spila til forgjafar á gullteigum þar sem völlurinn nær ekki lágmarkslengd af þeim teigum.

Hér má sjá breytingar vallarmats á þeim teigum sem eru mest notaðir og til hliðsjónar hvernig uppgefin lengd vallar af mismunandi teigum hefur breyst á síðustu árum.

### Teigar 59 fyrir karla (Hvítir)

	<b>1999</b>	<b>2009</b>	<b>2015</b>	<b>2021</b>
Lengd	6010	5968	5968	5940
CR	73,2	72,2	72,8	73,0
Slope	133	126	132	130

### Teigar 55 fyrir karla (gulir)

	<b>1999</b>	<b>2009</b>	<b>2015</b>	<b>2021</b>
Lengd	5672	5636	5636	5506
CR	71,2	70,4	71,0	70,2
Slope	131	119	132	130

### Teigar 47 fyrir konur (rauðir)

	<b>1999</b>	<b>2009</b>	<b>2015</b>	<b>2021</b>
Lengd	4916	4876	4876	4656
CR	72,4	72,2	73,0	72,0
Slope	124	122	131	129

Þó að nýjasta vallarmatið hafi lækkað dálítið frá árinu 2015 þá er völlurinn samt sem áður metinn erfiðari en gert var árið 2009. Þetta sést best á því að „Slope“ eða vægi er ennþá talsvert hærra en það var 2009. Draga má þá ályktun að síðasta vallarmat staðfesti að vallarmat frá 2009 hafi falið í sér vanmat á því hversu erfiður völlurinn er. Eins og um margt sem snýr að golfi þá getur hver og einn haft sína skoðun á þessu.

## Nokkur atriði um nýtt forgjafarkerfi - WHS

Þann 1. mars 2020 var nýtt forgjafakerfi tekið í notkun eftir að tekist hafði að sameina sex mismunandi kerfi í eitt sem gildir fyrir allan heiminn og er kallað „World Handicap System“, skammstafað WHS. Hinn almenni kylfingur þarf ekki að vita hvernig forgjöfin er reiknuð en fyrir áhugasama eru hér nokkur hugtök úr nýju forgjafarkerfi útskýrð í stuttu máli.

### Meðaltalsregla

Forgjöfin reiknast út frá 8 bestu af síðustu 20 hringjum. 9 holu hringir reiknast til forgjafar. Ef tiltækir golfhringir eru færri en 20, t.d. þegar kylfingur byrjar aftur eftir nokkura ára hlé, þá er meðaltal hringja sem telja til forgjafar reiknað skv. eftirfarandi töflu. Hugtakið „skormismunur“ er skýrt hér að neðan.

Skormismunur á skoryfirliti	Skormismunur sem skal nota við útreikning forgjafar	Leiðrétting
1	Lægsti 1	-2
2	Lægsti 1	-2
3	Lægsti 1	-2
4	Lægsti 1	-1
5	Lægsti 1	0
6	Meðaltal af lögstu 2	-1
7 eða 8	Meðaltal af lögstu 2	0
9 til 11	Meðaltal af lögstu 3	0
12 til 14	Meðaltal af lögstu 4	0
15 eða 16	Meðaltal af lögstu 5	0
17 eða 18	Meðaltal af lögstu 6	0
19	Meðaltal af lögstu 7	0
20	Meðaltal af lögstu 8	0

### Endurútgáfa forgjafar

Til að fá endurútgafna forgjöf fyrir leikmann er hægt að velja eina af eftirfarandi þremur leiðum:

- Endurútgefa forgjöf í samræmi við þá getu sem forgjafarnefnd metur að leikmaður sýni á þeim tíma. Algengt er að biðja um 3 skorkort frá leikmanni til að hægt sé að reikna forgjöf út frá töflunni að ofan. Mælt er með þessari leið, þ.e. að spila og skila inn sem flestum skorkortum.
- Skrá forgjöf eins og leikmaðurinn sé byrjandi í golfi, þ.e. setja forgjöfina í 54 sem er hámarksforgjöf.
- Endurútgefa síðustu skráðu forgjöf.

### Ekki þarf að tilkynna hring fyrirfram

Það má fara og spila og skrá skor eftirá.

### Viðurkennd leikform

Skor er gilt til forgjafar sé leikið samkvæmt golfreglum og viðurkenndum leikformum.

### Leiðrétt brúttó skor og skormismunur

Á forgjafaryfirliti er gefið upp „leiðrétt brúttó skor“ fyrir hvern hring. Þessa tala er notuð til að reikna „skormismun“ sem einnig er nýtt hugtak.

**Leiðrétt brúttó skor** er samanlagt skor með þeirri undantekningu að ef skráðar hafa verið „sprengjur“ eða kylfingur hefur x-að, þá reiknast skor á þeirri holu sem lægsta skor sem gefur engan punkt.

Dæmi: Kylfingur skráir 10 högg á holu, þar sem 7 högg gæfu 1 punkt, þá er Leiðrétt brúttó skor 8 á holunni.

**Skormismunur** segir til um hve langt frá forgjöf uppgefið skor er. Við útreikning á skormismun er tekið tillit til ytri aðstæðna PCC. Á forgjafaryfirliti er skormismunur gefinn upp með einum aukastaf.

### **Leiðrétt skor - PCC**

PCC (Playing Conditions Calculation) er tölfræðileg niðurstaða sem ákvarðast af því hvort leikaðstæður á leikdegi voru frábrugðnar eðlilegu ástandi. PCC getur verið frá -1 til +3. Yfir daginn þarf að lágmarki 8 skorkort frá leikmönnum með undir 36 í forgjöf til að reikna PCC.

Af einhverjum ástæðum virðist leiðréttingin koma sjaldan inn á Hlíðarendavelli. Ekki er vitað til þess að PCC hafi verið reiknað sumarið 2020 en það var gert a.m.k. tvisvar sinnum sumarið 2021 dagana 21. júlí og 11. ágúst. Í báðum tilfellum var leiðrétt um 1 punkt þar sem skor voru óeðlilega há.

PCC reiknast ekki eingöngu út frá mótsskorum heldur ákvarðast það af öllum hringjum dagsins. Þess vegna er ekki hægt að uppfæra forgjöf strax eftir mót, heldur verður að bíða þar til öll skor dagsins hafa skilað sér, bæði úr mótum og öðrum skráðum hringjum.

### **Framúrskarandi skor**

Ef kylfingur leikur einstaklega vel, þannig að skormismunur er 7-9,9 högg undir forgjöf þá er forgjöf lækkuð aukalega um 1 högg. Ef skormismunur er 10 högg eða meira frá forgjöf verður aukaleg lækkun 2 högg.

### **Lágforgjöf**

Lægsta forgjöf sem leikmaður hefur verið með á 12 mánaða tímabili miðað við þann dag sem nýjasti hringur sem er á skoryfirliti var leikinn kallast lágforgjöf. Það þarf 20 hringi á forgjafaryfirliti til að fá úthlutaða lágforgjöf.


### **Lágþak og Háþak**

Þetta eru hugtök sem eru notuð til takmörkunar á hækkun forgjafar. Það þarf 20 hringi til að þessir útreikningar séu gerðir þar sem lágþak og háþak er reiknað út frá lágforgjöf.


- Ekki er hægt að hækka meira en 5 högg frá lágforgjöf.
- Lágþaki er náð þegar munur á nýútgefinni forgjöf og lágforgjöf er 3 eða meira. Eftir það reiknast hækkun aðeins að hálfu leyti.
- Háþak takmarkar hækkun forgjafar við 5 högg frá lágforgjöf.

## Tölfræði

Þróun meðalforgjafar bestu 5 og bestu 20 kylfinga GSS.



Félögum í GSS sem eru með forgjöf undir 36 hefur fjölgað stöðugt síðustu 7 árin !



Greining skorkorta og ný forgjafarröð



Notuð voru 608 skorkort í þessa greiningu, eða um 10% færri kort en notuð voru til grundvallar fyrir útreikninga síðustu þrjú árin. Meðalskor 2021 var 97 sem er sambærilegt við síðasta ár.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Meðalskor	101	99	100	99	97	97

Sem fyrr er vafasamt að draga miklar ályktanir af meðalskori milli ára þar sem aðstæður eru ekki sambærilegar. Þetta er til gamans gert og má nota sem viðmið um erfiðleikastig vallarins eða hvort kylfingum sé að fara fram eða aftur. Hver og einn getur dæmt fyrir sig.


Sé erfiðleikaröðun brauta skoðuð sést að litlar breytingar hafa orðið milli ára. Hér eru léttustu holurnar taldar upp fyrst og svo koll af kolli:

Sumarið 2019: 7, 3, 6, 9, 2, 8, 5, 4, 1.

Sumarið 2020: 3, 7, 6, 5, 9, 8, 2, 4, 1.

Sumarið 2021: 7, 3, 6, 5, 9, 2, 8, 1, 4.

Auðveldustu holurnar eru 7., 3. og 6. eins og undanfarin ár en 1. og 4. eru erfiðastar. Kylfingar eru að skora 5. holuna betur en í fyrra en samt heldur hún sæti sínu milli ára sem fjórða léttasta holan.



Forgjafarröð vallarins var breytt í upphafi árs með það að leiðarljósi endurspegla betur raunverulega „erfiðleikaröð“ ásamt því að dreifa forgjafarhöggum á sanngjarnari hátt yfir völlinn. Sé meðalskor sumarsins 2021 borið saman við nýja forgjafaröð þá sést að hún er í fullkomnu samræmi við það hvernig völlurinn spilaðist. 7. holan er með hæsta númerið (17), 3. holan næst hæsta (15) o.s.frv.

	1. hola	2. hola	3. hola	4. hola	5. hola	6. hola	7. hola	8. hola	9. hola
Forgjafaröð fyrir breytingu	5	9	15	1	7	13	17	3	11
Ný röð tekin upp 2021	3	7	15	1	11	13	17	5	9

Rafn Ingi Rafnsson  
Form. forgjafarnefndar

# Lög Golfklúbbs Skagafjarðar

## 1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur SKagafjarðar. Heimilisfang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að GSÍ og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

## 2. grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

## 3. grein

Félagið er öllum opið.

## 4. grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

## 5. grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypiss aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

## 6. grein

Stjórn klúbbsins skipa átta einstaklingar: Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og formenn mótanefndar, vallarnefndar, barna- og unglínganefndar og kynningar- og nýliðanefndar. Þeir eru kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, fjórir á aðalfundi 2020, þrír á aðalfundi 2021. Einnig skal kjósa þrjá varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Ekki eru takmörk á því hversu oft má kjósa sama einstakling til setu í stjórn.

**Ákvæði til bráðabirgða:** Á aðalfundi 2020 skal kjósa til tveggja ára formenn móta-, vallarog kynningar- og nýliðanefnda og gjaldkera. Síðan skal á aðalfundi 2021 kjósa til tveggja ára formann barna- og unglínganefndar, varaformann og ritara og síðan koll af kolli.

## 7. grein

Stjórn ákveður sjálf starfstílhögun sína. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórn kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varða. Þó þarf samþykkt félags- eða aðalfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórn skal boða til félagsfundar með sama hætti og til aðalfundar ef 15% félagsmanna krefjast þess skriflega eða á annan sannanlegan hátt. Berist krafa um boðun félagsfundar skal hann haldinn innan sjö daga frá því að slík krafa berst.

Stjórn getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórn skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varða starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

## 8. grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, aganefnd, barna- og unglínganefnd, kynningar- og nýliðanefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera þrír til fimm einstaklingar, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum GSÍ en aðrar samkvæmt fyrir mælum stjórnar og/eða aðalfundar. Stjórn hefur heimild til að skipa aðrar nefndir eins og henta þykir. Nefndir skulu skila stjórn yfirliti yfir störf liðsins starfsárs eigi síðar en 30. október ár hvert.

## 9. grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist til stjórnar klúbbsins fyrir 1. nóvember ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

## 10. grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

## 11. grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9. grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing GSÍ og þing UMSS.
8. Ákvörðun félagsgjalda.
9. Önnur mál.

## 12. grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

## 13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

Þannig samþykkt á aðalfundi 30. nóvember 2020.

# Stjórn og nefndir 2021

**Formaður, 2021:** Kristján Bjarni Halldórsson

**Varaformaður, 2020-2021:** Halldór Halldórsson <sup>(2/2)</sup>

**Ritari, 2021-2022:** Andri Þór Árnason <sup>(1/2)</sup>

**Gjaldkeri, 2021 -2022:** Kristján Eggert Jónasson <sup>(1/2)</sup>

## **Varamenn í stjórn:**

Hjalti Árnason

Guðmundur Ragnarsson

Róbert Óttarsson

## **Mótanefnd:**

Aldís Hilmarsdóttir, form. 2021-2022 <sup>(1/2)</sup>

Andri Þór Árnason

Hjalti Árnason

Pétur Björnsson

## **Vallar- og skipulagsnefnd:**

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2021-2022 <sup>(1/2)</sup>

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

## **Aganefnd:**

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

## **Unglinganefnd:**

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir form. 2021 <sup>(2/2)</sup>

Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir

Magnús Barðdal Reynisson

Margrét Helga Hallsdóttir

Sigríður Garðarsdóttir

## **Kynningar- og nýliðanefnd:**

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2021-2022 <sup>(1/2)</sup>

Díana Dögg Hreinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

## **Forgjafarnefnd:**

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

## **Sveitastjórar:**

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

## **Skoðunarmenn reikninga:**

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

## **Vara skoðunarmenn reikninga:**

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

**Villa! Notaðu flipann Heim til að nota Heading 1 í textanum sem þú vilt að birtist hér.**

## Stjórn og nefndir 2022 - tillaga

**Formaður, 2022:** Sigríður Svavarsdóttir

**Varaformaður, 2022-2023:** Helga Jónína Guðmundsdóttir <sup>(1/2)</sup>

**Ritari, 2022-2023:** Andri Þór Árnason <sup>(1/2)</sup>

**Gjaldkeri, 2021 -2022:** Kristján Eggert Jónasson <sup>(2/2)</sup>

### **Varamenn í stjórn:**

Atli Freyr Rafnsson

Hlynur Freyr Einarsson

Sigríður Elín Þórðardóttir

### **Mótanefnd:**

Aldís Hilmarsdóttir, form. 2021-2022 <sup>(2/2)</sup>

Andri Þór Árnason

Hanna Dóra Björnsdóttir

Hjalti Árnason

Pétur Björnsson

### **Vallar- og skipulagsnefnd:**

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2021-2022 <sup>(2/2)</sup>

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Þórður Karl Gunnarsson

### **Aganefnd:**

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

### **Unglinganefnd:**

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir form. 2022 - 2023 <sup>(1/2)</sup>

Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir

Magnús Barðdal Reynisson

Margrét Helga Hallsdóttir

Sigríður Garðarsdóttir

### **Kynningar- og nýliðanefnd:**

Dagbjört Hermundardóttir, formaður 2021-2022 <sup>(2/2)</sup>

Díana Dögg Hreinsdóttir

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

### **Forgjafarnefnd:**

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

### **Sveitastjórar:**

Karlasveit: Andri Þór Árnason

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

### **Skoðunarmenn reikninga:**

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

### **Vara skoðunarmenn reikninga:**

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Villa! Notaðu flipann Heim til að nota Heading 1 í textanum sem þú vilt að birtist hér.

## Tillaga aðalfundar að gjaldskrá 2022

Félagsgjöld	2021	Inneign í sjoppu	Samtals 2021	2022	Inneign í sjoppu	Samtals 2022
Fjölskyldugjald	105.000	10.000	115.000	113.750	10.000	123.750
Hjónagjald	90.000	10.000	100.000	97.500	10.000	107.500
Hjónagjald 67 og eldra	67.500	10.000	77.500	73.125	10.000	83.125
Einstaklingsgjald	60.000	5.000	65.000	65.000	5.000	70.000
Einstaklingsgjald 67 og eldra	45.000	5.000	50.000	48.750	5.000	53.750
17-26 ára	33.000		33.000	35.750		35.750
13-16 ára	27.000		27.000	29.250		29.250
12 ára og yngri	21.000		21.000	22.750		22.750
Byrjendagjald fjölskyldu	63.000	10.000	73.000	68.250	10.000	78.250
Byrjendagjald hjóna	54.000	10.000	64.000	58.500	10.000	68.500
Byrjendagjald einstaklings	36.000	5.000	41.000	39.000	5.000	44.000
Aukaaðild hjóna	54.000	10.000	64.000	58.500	10.000	68.500
Aukaaðild einstaklings	36.000	5.000	41.000	39.000	5.000	44.000

Skápaleiga	12.000		12.000	15.000		15.000
------------	--------	--	--------	--------	--	--------

Nokkur atriði varðandi gjaldskrá og réttindi:

- Golfskóli er innifalinn í árgjaldi (þ.m.t. fjölskyldugjaldi) fyrir 16 ára og yngri
- Börn sem eru ekki í félaginu borga sérstaklega fyrir golfskólann 10 þús. kr. fyrir mánuðinn.
- Aukaaðild gerir kröfu um að viðkomandi sé félagi í aðalklúbbi og veitir fullréttindi í félagsstarfinu.
- Fjölskyldugjald er í boði fyrir fólk með börn á framfæri, 16 ára og yngri
- Mótanefnd getur heimilað kylfingi sem er utan klúbba að taka þátt í keppni án forgjafar og greiðir viðkomandi þá 1.000 krónu álag á mótsgjaldið
- Félagsgjöld verða innheimt með 5 jöfnum mánaðarlegum greiðslum (janúar til maí)

Vallargjöld	2021	2022
Vallargjald einstaklings	4.000	5.000
Vallargjald hjóna	6.000	7.500
16 ára og yngri greiða hálfvallargjald		
Helgarpassar og vikugjöld eru aflögð		

Önnur gjöld	2021	2022
Leiga á kylfum	2.000	2.000
Leiga á kerru	500	500
Hópur lokar velli 2,5 klst	90.000	90.000
Hópur lokar velli 5 klst	160.000	160.000

Golfskáli að Hlíðarenda og veitingar eru ekki innifaldar í gjaldi ef hópur lokar velli í tiltekin tíma

Vallargjald er óháð fjölda hola sem leiknar eru.